

Lestrarstefna grunnskóla í Vesturbænum

Hér að neðan er sameiginleg lestrarstefna Grandaskóla, Hagaskóla, Melaskóla og Vesturbæjarskóla. Lestrarstefnan er afrakstur þróunarverkefnisins *Vesturbæjarlestur* sem byggir á sameiginlegum verkefnum tengdum læsi í hverfinu. Markmið verkefnisins er að efla læsi nemenda í víðum skilningi í samræmi við áherslur nýrrar aðalnámskrár og nýrrar lestrarstefnu Reykjavíkurborgar. Þar sem þrjú barnaskólar eru í hverfinu sem og safnskóli á unglíngastigi er mikilvægt að skólarnir vinni saman þannig að samfella verði í námi nemenda skólanna. Óumdeilt er að lestur er lykill að öllu námi og því þarf lestrarkennsla og lestrarþjálfun að vera fjölbreytt og markviss. Ritun gegnir einnig sífellt stærra hlutverki í daglegu lífi fólks með tilkomu ýmissa samskiptamiðla og því er mikilvægt að efla lestur og ritun á öllum aldursstigum grunnskólans. Þeim leiðum sem nota má í skólastarfi til að efla læsi nemenda hefur fjölgað og þeir hafa nú aðgang að ýmiss konar tækni til að nota í samskiptum og námi. Því er lögð áhersla á að nemendur læri að nýta sér nýjustu tækni til þess að að efla lestur sinn og lesskilning auk þess sem áhersla er lögð á þjálfun lestrar og ritunar í hefðbundnum skilningi.

Yngsta stig – 1. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur rímað og klappað atkvæði í orðum • kann íslensku bókstafina og hljóð þeirra • getur lesið og unnið með einfaldan gæðatexta • sýnir skilning á efni textans • getur lesið úr myndrænu efni • getur valið sér lesefni við hæfi á skólasafni 	<ul style="list-style-type: none"> • lesið daglega heima og í skólanum • yndislestur • skólasafn • unnið út frá gæðatexta með inntak textans og lykilorð • unnið á fjölbreyttan hátt með hljóð og stafi, stafasambönd, málfræðiatríði og endurþekkingu orða • myndsköpun • leikir og spil • einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna • þemavinna þvert á námsgreinar • útikennsla • munnleg tjáning í ýmsum verkefnum • frásagnir, leikræn tjáning • vettvangsferðir • hlustun og þátttaka í umræðum • nestislestur • fjölbreytt ritun • stöðva- og verkefnaval • tölvuforrit • fræðslumyndir 	<ul style="list-style-type: none"> • leiðsagnarmat fer fram á allri vinnu nemenda • Læsi 1.1, 1.2 og 1.3 • Leið til læsis • Orðalykill • raddlestrarpróf • sjálfsmat og jafningjamat
Talað mál, hlustun og +áhorf	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum • getur leikið og túlkað texta sem lesinn er í skólanum • getur tekið þátt í samræðum • getur hlustað og horft á flutning á fjölbreyttu efni • getur hlustað á fyrirmæli og farið eftir þeim 		
Ritun	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur dregið rétt til stafs • getur skrifað söguþráð • getur búið til sögupersónur út frá leik 		

Yngsta stig – 2. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur lesið í hljóði og upphátt • þekkir hugtökin orð og málsgrein • getur lesið einfaldan fróðleiks- og gæðatexta og greint aðalatriði • getur endursagt lesinn texta • sýnir skilning á efni textans • getur lesið úr myndrænu efni • getur valið sér lesefni við hæfi á skólasafni 	<ul style="list-style-type: none"> • lesið daglega heima og í skólanum • yndislestur • skólasafn • unnið út frá gæðatexta með inntak textans og lykilorð • unnið á fjölbreyttan hátt með hljóð og stafi, stafasambönd og endurbekkingu orða • einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna • þemavinna þvert á námsgreinar • gagnvirkur lestur • þátttaka í umræðum • frásagnir, leikræn tjáning • vettvangsferðir • útikennsla • hlustað á fjölbreyttan texta – bæði upplestur og margmiðlunarefni • nestislestur • fjölbreytt ritun • stöðva- / verkefnaval • tölvu- og ritvinnsluforrit • fræðslumyndir 	<ul style="list-style-type: none"> • Læsi 2.1 og 2.2 • Lesmál – Mat á lestri og réttitu • Orðalykill • raddlestrarpróf • leiðsagnarmat • sjálfsmat og jafningjamat
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur talað skýrt og komið hugsunum sínum í orð • getur rætt skoðanir sínar og tilfinningar frammi fyrir bekkjarfélögum • getur tekið þátt í samræðum • getur hlustað og horft á flutning á fjölbreyttu efni • getur greint orð, hugtök og orðasambönd • getur hlustað á fyrirmæli og farið eftir þeim 		
Ritun	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur samið texta frá eigin brjósti • skrifar læsilegan texta • notar fjölbreyttan orðaforða • hefur bil milli orða 		

Yngsta stig – 3. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur lesið sér til ánægju og fróðleiks • getur nýtt fjölbreyttan orðaforða við að skilja texta • getur valið sér bækur eftir áhugasviði af skólasafni • getur aflað sér afmarkaðra upplýsinga úr bókum og af Netinu og nýtt í verkefnavinnu • getur lesið úr myndrænu efni • getur beitt hugtökum eins og söguþræði, persónulýsingu, umhverfi og boðskap 	<ul style="list-style-type: none"> • lesið daglega heima og í skólanum • yndislestur • skólasafn • samlestur, gagnvirkur lestur • skoða og greina texta • einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna • þemavinna þvert á námsgreinar • upplestur á eigin texta • kynning á fjölbreyttum verkefnum • rökræður • bekkjarfundir • vettvangsferðir • útikennsla • hlustun á upplestur nemenda og kennara • hlustun og skoðun á margmiðlunarefni • nestislestur • fjölbreytt ritun • tölvu- og ritvinnsluforrit • fræðslumyndir 	<ul style="list-style-type: none"> • Orðarún • Orðalykill • LH60 lesskilningspróf • raddlestrarpróf • leiðsagnarmat • sjálfsmat og jafningjamat
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • tekur þátt í umræðum, hlustar á aðra og sýnir kurteisi • talar skýrt og áheyrilega við ýmis tækifæri • getur rætt og rökstutt skoðanir sínar • getur hlustað á fyrirmæli og farið eftir þeim • getur nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi • getur hlustað og horft á flutning á fjölbreyttu efni 		
Ritun	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur skrifað margvíslega texta • notar fjölbreyttan orðaforða • skrifar læsilega • getur nýtt grunnþætti í byggingu texta, upphaf, meginmál og niðurlag 		

Yngsta stig – 4. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> getur lesið sér til ánægju og fróðleiks getur lesið fyrirmæli og farið eftir þeim getur aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum getur beitt hugtökum eins og sögubræði, persónulýsingu, umhverfi og boðskap getur lesið úr táknmyndum og myndrænu efni 	<ul style="list-style-type: none"> lesið daglega heima og í skólanum yndislestur skólasafn samlestur og gagnvirkur lestur skoða og greina texta einstaklingsvinna, paravinna og hópavinna þemavinna þvert á námsgreinar upplestur á eigin texta kynning á verkefnum rökræður bekkjárfundur leikræn tjáning nestislestur upplestur nemenda margmiðlunarefni vettvangsferðir útikennsla fjölbreytt ritun tölvu- og ritvinnsluforrit fræðslumyndir 	<ul style="list-style-type: none"> raddlestrarpróf Orðarún Orðalykill leiðsagnarmat sjálfsmat og jafningjamat Samræmd könnunarpróf
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> getur beitt skýrum og áheyrilegum framburði getur tjáð sig frammi fyrir hópi, rökstutt mál sitt, tekið þátt í umræðum getur nýtt sér og endursagt efni af mismunandi miðlum getur hlustað og horft á flutning á fjölbreyttu efni getur átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi 		
Ritun	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> dregur rétt til stafs og skrifar skýrt og læsilega getur notað tiltæk hjálpargögn getur beitt grunnþáttum í byggingu texta getur samið texta frá eigin brjósti getur skrifað texta á tölvu og beitt einföldum aðgerðum í ritvinnslu getur nýtt og miðlað þekkingu sem hann hefur aflað sér 		

Miðstig – 5. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur lesið áheyrilega með réttum áherslum • getur lesið sér til ánægju • getur lesið og skilið fjölbreytta texta sem reyna á færni í lestri • getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða sinn • getur greint aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta og endursagt • getur nýtt sér ólíka miðla við upplýsingaöflum og er læs á myndmál og myndrit 	<ul style="list-style-type: none"> • lesið daglega heima og í skólanum • yndislestur • skólasafn • vinnur með orðaforða á fjölbreyttan hátt • fjölbreyttar aðferðir við lestur s.s. paralestur, hóplestur, leitarlestur og gagnvirkur lestur • ýmsir miðlar • þemavinna • útikennsla • vettvangsferðir • kynningar • bekkjarfundir • umræður • leikræn tjáning • nestislestur • fjölbreytt ritun • tölvu- og ritvinnsluforrit • fræðslumyndir 	<ul style="list-style-type: none"> • raddlestrarpróf • Orðarún • Orðalykill • LH 40 • jafningamat • sjálfsmat • leiðsagnarmat
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur tjáð sig skýrt og áheyrilega frammi fyrir hópi og haldið athygli áheyrenda • getur hlustað og horft af athygli á efni sem hæfir aldri hans og þroska • getur tjáð sig um efni sem hann hefur lesið, hlustað eða horft á • getur tekið þátt í umræðum um fjölbreytt málefni • getur átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi 		
Ritun	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur skrifað skýrt og læsilega • getur samið fjölbreytta texta og beitt ólíkum stílbrögðum • getur veitt öðrum hlutdeild í eigin sköpun og tjáð hugmyndir sínar • getur nýtt sér reglur um grunnþætti ritunar • getur skrifað texta á tölvu og notað mismunandi ritvinnsluforrit 		

Miðstig – 6. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • hefur tileinkað sér góðan upplestur • getur lesið sér til ánægju • getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða • getur greint aðalatriði frá aukaatriðum í texta og endursagt • getur nýtt sér ólíka miðla við upplýsingaöflun, er læs á myndmál og myndrit og getur lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga • getur túlkað og skilið fróðleiks- og bókmenntatexta 	<ul style="list-style-type: none"> • lesið daglega heima og í skólanum • yndislestur • skólasafn • vinnur með orðaforða á fjölbreyttan hátt • fjölbreyttar aðferðir við lestur s.s. paralestur, hóplestur, leitarlestur og gagnvirkur lestur • ýmsir miðlar • þemavinna • útikennsla • vettvangsferðir • kynningar • bekkjarfundir • umræður • leikræn tjáning • nestislestur • fjölbreytt ritun • tölvu- og ritvinnsluforrit • fræðslumyndir 	<ul style="list-style-type: none"> • raddlestrarpróf • Orðarún • Orðalykill • LH 40 • jafningamat • sjálfsmat • leiðsagnarmat
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur tjáð sig skýrt og áheyrilega frammi fyrir hópi og haldið athygli áheyrenda • getur orðað hugsanir sínar og skoðanir og færð rök fyrir þeim • getur hlustað á aðra í umræðum og tekið tillit til skoðana þeirra • getur endursagt og dregið ályktanir af því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið • getur beitt orðaforða námsgreina af skilningi 		
Ritun	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur skrifað skýrt og læsilega • getur samið fjölbreytta texta og beitt ólíkum stílbrogðum • getur nýtt sér ólíka miðla • getur dregið út aðalatriði og endursagt efni skriflega • getur tjáð hugmyndir sínar og reynslu af öryggi • getur veitt öðrum hlutdeild í eigin sköpun og tjáð hugmyndir sínar 		

Miðstig – 7. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur lesið sér til ánægju og fróðleiks • hefur tileinkað sér góðan upplestur og heldur athygli áheyrenda • getur beitt mismunandi lestraraðferðum • getur lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað • getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða • getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum, unnið úr þeim og lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika þeirra • getur lesið úr myndrænum og tölulegum upplýsingum og túlkað þær 	<ul style="list-style-type: none"> • Stóra upplestrarkeppnin • lesið daglega heima og í skólanum • yndislestur • skólasafn • vinnur með orðaforða á fjölbreyttan hátt • fjölbreyttar aðferðir við lestur s.s. paralestur, hóplestur, leitarlestur og gagnvirkur lestur • ýmsir miðlar • þemavinna • útikennsla • vettvangsferðir • kynningar • bekkjarfundir • umræður • leikræn tjáning • nestislestur • fjölbreytt ritun • tölvu- og ritvinnsluforrit • fræðslumyndir 	<ul style="list-style-type: none"> • raddlestrarpróf • Orðarún • Orðalykill • LH 40 • jafningamat • sjálfsmat • leiðsagnarmat • Samræmd könnunarpróf
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar • getur tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda getur tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum • getur hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum • getur nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnninn hátt • getur beitt orðaforða námsgreina af skilningi • getur átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt virðingu og kurteisi 		
Ritun	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur skrifað skýrt og læsilega • getur samið fjölbreytta texta og beitt ólíkum stílbrögðum • getur gagnrýnt og endurskoðað eigin texta • getur veitt öðrum hlutdeild í eigin sköpun og tjáð hugmyndir sínar af öryggi • getur nýtt sér ólíka miðla við ritun og beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu • getur lagt mat á heimildir og vísað til þeirra • getur sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga og heimilda 		

Unglingastig – 8. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur lesið ólíka texta af öryggi og með skilningi, lagt mat á þá og túlkað • getur nýtt sér fjölbreyttar lestraraðferðir • getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða og hugtakaskilning • getur greint aðalatriði frá aukaatriðum • getur notað orðabækur og önnur uppflettit • getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum, unnið úr þeim og lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika þeirra • getur lesið úr myndrænum og tölulegum upplýsingum og túlkað þær 	<ul style="list-style-type: none"> • yndislestur • fjölbreyttar aðferðir við lestur s.s. paralestur, hóplestur, leitarlestur og gagnvirkur lestur • ýmis orða- og hugtakavinna • gerð hugarkorta • vinna með upplýsingar úr gröfum, línuritum, töflum og kortum • ýmis tölvu- og ritvinnsluforrit • bekkjarfundir • kjörbókakynningar • munnlegur flutningur • fjölbreytt skrifleg verkefni • fræðsluefni 	<ul style="list-style-type: none"> • Orðarún • Orðalykill • leiðsagnarmat • jafningjamat • sjálfsmat • mat á ritgerðum og verkefnum
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur tjáð sig skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas • gerir sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar • getur hlustað á aðra og virðir skoðanir þeirra og tilfinningar • getur tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum • getur nýtt sér margvíslega miðla og tekið afstöðu til þess sem þar er birt • getur átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt virðingu og kurteisi 		
Ritun	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur skrifað skýrt og læsilega og beitt ritvinnslu af öryggi • getur tjáð sig í rituðu máli og nýtt sér viðeigandi hjálpargögn • getur skrifað fjölbreyttan texta og miðlað þekkingu sinni hugsun og tilfinningum • getur aflað sér heimilda og lagt mat á þær 		

Unglingastig – 9. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
skilningur Lestur og	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilur mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi • getur lesið ólíka texta með skilningi, lagt mat á þá, ályktað og túlkað • getur nýtt sér leiðir til að auka orðaforða og hugtakaskilning • getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum • getur lesið úr myndrænum og tölulegum upplýsingum og túlkað þær 	<ul style="list-style-type: none"> • yndislestur • fjölbreyttar aðferðir við lestur s.s. paralestur, hóplestur, leitarlestur og gagnvirkur lestur • ýmis orða- og hugtakavinna • gerð hugarkorta • vinna með upplýsingar úr gröfum, línuritum, töflum og kortum • ýmis tölvu- og ritvinnsluforrit • bekkjarfundir • kjörbókakynningar • munnlegur flutningur • fjölbreytt skrifleg verkefni • fræðsluefni • heimildaritgerðir 	<ul style="list-style-type: none"> • Grp-14 • Orðalykill • leiðsagnarmat • jafningjamat • sjálfsmat • mat á ritgerðum og verkefnum
áhorf Talað mál, hlustun og	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • gerir sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar • getur komið þekkingu sinni og skoðunum á framfæri og valið þeim miðil sem hentar • getur hlustað á aðra og virðir skoðanir þeirra og tilfinningar • getur tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum • getur nýtt sér margvíslega miðla og tekið afstöðu til þess sem þar er birt • getur átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt virðingu og kurteisi 		
Ritun	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur valið og skrifað mismunandi textagerðir og beitt mismunandi orðaforða og málsniði • getur skrifað skýrt og læsilega og beitt ritvinnslu af öryggi • getur nýtt sér viðeigandi hjálpargögn • getur skrifað fræðilegar heimildaritgerðir og sett upp heimildaskrá 		

Unglingastig – 10. bekkur

	Hæfniviðmið	Leiðir	Námsmat
Lestur og skilningur	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilur mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi • getur valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur • getur lesið fræði-, afþreyingar- og bókmenntatexta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá, ályktað og túlkað • getur aflað sér upplýsinga úr fjölbreyttum miðlum og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra • getur lesið úr myndrænum og tölulegum upplýsingum og túlkað þær 	<ul style="list-style-type: none"> • yndislestur • fjölbreyttar aðferðir við lestur s.s. paralestur, hóplestur, leitarlestur og gagnvirkur lestur • ýmis orða- og hugtakavinna • gerð hugarkorta • vinna með upplýsingar úr gröfum, línuritum, töflum og kortum • ýmis tölvu- og ritvinnsluforrit • bekkjarfundir • kjörbókakynningar • munnlegur flutningur • fjölbreytt skrifleg verkefni • fræðsluefni • heimildaritgerðir 	<ul style="list-style-type: none"> • leiðsagnarmat • jafningjamat • sjálfsmat • mat á ritgerðum og verkefnum • Samræmd próf
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega í samræmi við tilefni og aðstæður • getur komið þekkingu sinni og skoðunum á framfæri, fært rök fyrir máli sínu og valið miðil sem hentar • getur nýtt efni sem miðlað er með hljóði, mynd og margmiðlun sér til fróðleiks og skemmtunar, túlkað það og metið • getur hlustað á aðra, virt skoðanir þeirra og tekið þátt í rökræðum um fjölbreytt málefni • getur átt góð samskipti, gætt tungu sinnar og sýnt virðingu og kurteisi 		
Ritun	<p>Nemandinn</p> <ul style="list-style-type: none"> • getur skrifað skýrt og læsilega, beitt ritvinnslu og skipulegum vinnubrögðum við ritun • getur valið og skrifað mismunandi textagerðir og beitt ríkulegu tungutaki og málsniði • getur nýtt sér viðeigandi hjálpargögn • getur skrifað fræðilegar heimildaritgerðir og sett upp heimildaskrá 		

Fylgiskjal 1